

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kristín Ósk Matthíasdóttir Vatnfjörður



Dags eftirlits	13.12.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Kristín Ósk Matthíasdóttir	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Þverá, Barðaströnd	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	220187-2849	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Kristín Ósk Matthíasdóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sveinn Viðarsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt nýtt frávik kom fram við eftirlitið er snýr að rekstri án starfsleyfis og fimm ábendingar eru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 54. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Fulltrúar Umhverfisstofnunar fóru í vettvangsheimsókn í fiskeldi rekstraraðila í Vatnsfirði þann 13. desember sl. Erfiðlega hafði gengið að ná í rekstraraðila um haustið og eftirlitsaðili hafði neyðst til að aflýsa eftirliti einu sinni vegna veðurs.

Þegar tókst að koma vettvangsheimsókn við hafði starfsleyfi rekstraraðila runnið út, eða þann 11. desember sl. Staðfest var í vettvangsheimsókninni að fiskur er í eldi í stöðinni og því er skráð frávik frá lögum nr. 7/1998 þess efnis.

Rekstrarleyfi rekstraraðila rann sömuleiðis út þann 19. desember sl. en skv. upplýsingum frá Matvælastofnun hefur verið óskað eftir skráningu fiskeldisstöðvarinnar sbr. reglugerð nr. 1133/2921 um skráningaskylda aðila í fiskeldi.

Rekstraraðila hefur áður verið bent á að sækja um starfsleyfi og var það ítrekað í vettvangsheimsókninni, þar sem rekstraraðili starfar nú án starfsleyfis. Í samræmi við 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 er Umhverfisstofnun heimilt að framlengja starfsleyfi rekstraraðila um eitt ár, hafi fullnægjandi umsókn um nýtt starfsleyfi borist. Umhverfisstofnun bendir því á að hyggist rekstraraðili halda áfram fiskeldi á staðnum skal senda inn umsókn um starfsleyfi til fiskeldis í gegnum þjónustugátt Matvælastofnunar, sbr. fyrri leiðbeiningar eftirlitsaðila. Þegar umsóknin hefur verið metin fullnægjandi getur Umhverfisstofnun framlengt starfsleyfið um eitt ár að hámarki, eða til 11. desember 2022.

Dagskrá sem boðuð hafði verið í eftirliti í haust er eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
 - o Úrbætur v. eldri frávik og ábendinga
 - o Gildistími starfsleyfis og umsókn um nýtt leyfi
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
 - o Kynning á áhættumati 2020 og breytingu á flokkum 2021
- Umfang
- Frárennsli, hreinsun og mælingar
- Úrgangur, spilliefni og lyf
 - o Dauðfiskur
 - o Annar úrgangur
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
- Umgengni á lóð og aðkoma.
- Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðhöndlun fastefnis frá landeldisstöðvum.

Ekki náðist að fara yfir gögn og áætlanir í vettvangsheimsókninni þar sem rekstraraðili var í sóttkví en settjörn og útrás frárennslis voru skoðuð, sbr. ábendingu í eftirliti 2020, sem og umgengni á lóð, sbr. frávik frá gr. 2.3 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi sem skráð var á árinu 2020.

Ekki varð vart við neitt óeðlilegt, fitu eða froðu við útrás frárennslisins, en bent er á að skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp skal frárennslislögn ná 20 m út fyrir stórstraumsfjöruborð.

Enn var talsvert af fiski í settjörn, þrátt fyrir að rekstraraðila hefði verið bent á að fjarlægja hann af bæði fulltrúum Umhverfisstofnunar (sbr. skýrslu vegna eftirlits 2020 dags 14. október 2020) og Matvælastofnunar (sbr. skýrslu vegna eftirlits dags. 31. október 2019). Skv. upplýsingum frá rekstraraðila hefur talsvert af fiski verið fjarlægður úr tjörninni í haust, en enn var þónokkuð af fiski sjáanlegur. Umhverfisstofnun bendir á að sé tjörnin notuð sem eldistjörn getur hún ekki talist til settjarnar.

Í kjölfar vettvangsferðar kallaði eftirlitsaðili eftir myndum og upplýsingum um olúgeymi, ásamt því að óska eftir rafrænum fundi þar sem hægt væri að fara yfir gögn, áætlanir og veita frekari leiðbeiningar um umsókn starfsleyfis. Rekstraraðili hefur ekki sinnt því eða brugðist við upplýsingabeiðni eftirlitsaðila.

Umhverfisstofnun hefur því ekki haft tök á því að fara yfir skráningar eða áætlanir. Mögulegum frávikum vegna þess verður fylgt eftir við vinnslu starfsleyfis, verði sótt um, og á grundvelli nýs starfsleyfis verði það gefið út. Eftirlitsaðili ítrekar þó að rekstraraðili skuli senda myndir af olúgeymi svo hægt sé að sannreyna að mengunar- og árekstrarvarnir hans séu í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfssemi á landi.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Allur atvinnurekstur sem talinn er upp viðauka II í lögum nr. 7/1998 skal hafa gilt starfsleyfi. Rekstraraðili starfar án starfsleyfis og skal því sækja um starfsleyfi í þjónustugátt Matvælastofnunar, eða hætta rekstri, hið allra fyrsta.

ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun bendir á að til reksturs fiskeldisstöðvar þarf bæði starfsleyfi frá Umhverfisstofnun og rekstrarleyfi eða skráningu hjá Matvælastofnun sbr. 4.gr.b og 5. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi.

Stofnunin bendir á að ekki er hægt að framlengja starfsleyfi eða kalla eftir undanþágu ráðherra nema fyrir liggja fullnægjandi umsókn um nýtt starfsleyfi.

Umhverfisstofnun bendir á að tæma skuli settjörn af fiski. Sé fiskur alinn í henni geti hún ekki talist til settjarnar.

Umhverfisstofnun vill einnig benda á að skv. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuætti og mengunarvarnir skal rekstraraðili aðstoða eftirlitsaðila eins og nauðyn krefur til að gera eftirlitsaðila kleift að framkvæma eftirlit. Einnig bendir stofnunin á heimildir eftirlitsaðila skv. 62. gr. laga nr. 7/1998 þar sem eftirlitsaðilum stofnunarinnar skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal myndatöku, að öllum þeim stöðum sem lögin, reglugerðir og samþykktir ná til og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf.

Rekstraraðili skal senda myndir af olúgeymi svo hægt sé að sannreyna að mengunar- og árekstrarvarnir hans séu í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfssemi á landi.

ANNAD

Við boðun eftirlits í september sl. sendi eftirlitsaðili bæði niðurstöður áhættumats ársins 2020 og áhættumat ársins 2021 í tölvupósti, sem rekstraraðili skal kynna sér.

Einnig voru sendar leiðbeiningar um meðhöndlun fastefnis frá landeldi, sem rekstraraðili skal hafa til hliðsjónar þegar kemur að því að tæma þurfi settjörn og finna farveg fyrir fastefnið sem fjarlægt er.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.03.2022


Hulda Soffía Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir

